

Útstöðvastýring

Ný eining
Saga 2018.3



Sögu útstöðvastýring

Sögu útstöðvastýring

Hægt er að senda skilaboð á útstöðvar og loka öllum Sögu útstöðvum með nýrri einingu sem heitir „Sögu útstöðvastýring (gaClientAdministration)“.

Þegar Saga er uppfærð þarf að slökkva á Sögu hjá öllum notendum. Kerfisstjóri getur farið í þessa einingu og smellt á „Sækja allar tengdar Sögu útstöðvar“. Við það birtast allar útstöðvar sem eru með Sögu keyrandi á sér.

Kerfisstjóri getur skrifað skilaboð í reitinn „Skilaboð“ og svo þegar hann smellir á hnappinn „Senda skilaboð á allar útstöðvar“ þá birtist gulur áberandi borði efst í horninu uppi í Sögu, sama hvaða einingu notandi er í.

Til þess að gulu skilaboðin **hverfi** hjá notendum í Sögu þá þarf kerfisstjóri að eyða út skilaboðum í þessum skilaboðareit og smella aftur á „Senda skilaboð á allar útstöðvar“. Þetta getur kerfisstjóri gert þegar búið er að uppfæra Sögu og notendur mega byrja að nota hana aftur. Haki kerfisstjóri í „Ekki leyfa Sögu að ræsa eftir lokun“ þá getur notandi ekki opnað Sögu aftur nema þessu gildi sé breytt í gagnagrunninum.

Til þess að virkja þessa einingu í Sögu þá er einingin sett á viðeigandi hlutverk í Umsjón - Kerfisumsjón.

Með kveðju
Origo - Heilbrigðislausnir